

Stjórnarfundur Álfavina, haldinn 1.des 2021 í Álfasteini.

Fundur settur kl.20:00

Á fundinn mættu Hugrún, Sigurbjörg, Sandra, Eva og Lilja. Lilja ritar fundargerð.

1. Pakka inn jólagjöfum fyrir jólaball. Bækur um Bjarnastaðabangsana fyrir trölla- og dvergadeild og harðspjalda jólabók fyrir álfadeild.
2. Rætt um jólaball. Miðað við gildandi samkomutakmarkanir er ekki hægt að halda eitt jólaball fyrir öll börn með foreldrum. Möguleikarnir sem eru í stöðunni eru
  - a. að það verði jólaball á skólatíma föstudaginn 10.des fyrir börnin og foreldrar sleppi því í þetta skipti
  - b. að halda tvískipt jólaball með foreldrum, (mögulega þarf að takmarka við 1 foreldri per barn) sunnudaginn 12.des klukkan 10.

Bent var á að ákveðin áhætta er að safna foreldrum saman svona stuttu fyrir jól. Ákveðið að bíða aðeins eftir nýjum samkomutakmörkunum sem munu taka gildi 8.des með þessa ákvörðun.

3. Hugrún sagði okkur frá Foreldrahandbók sem þær eru að ljúka við. Leikskólinn hefur ekki haft foreldrahandbók í nokkurn tíma en í faraldrinum hefur það komið í ljós að það er gagnlegt að hafa slíkt tæki þegar ekki er hægt að boða foreldra á fundi til að skýra frá starfseminni í upphafi leikskólagöngunnar.
4. Rætt um nýtt deiliskipulag sem er til umsagnar hjá skipulagsfulltrúa. Breytingar á deiliskipulagi gera ráð fyrir töluverðri þrengingu að leikskólanum með íbúðabyggð.